

EFTIRLITSSKÝRSLA

EBK Keflavíkurlugvelli



Dags eftirlits	18.4.2012	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	EBK	Fulltrúi UST	
Heimili	Keflavíkurlugvelli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604060210	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Kristjánsson	ÍSAT nr.	63.23.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	322.019 393.230

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram frá kröfum í starfsleyfi. Tvær athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlit í olíubirgðastöð EBK ehf. á Keflavíkurlugvelli og sest niður með Halldóri Kristjánssyni og starfsmanni stöðvarinnar. Unnið hefur verið eftir úrbótaáætlun fyrirtækisins við að leiðrétta frávik síðasta árs og nú er verið að smíða nýjan geymi fyrir úrgangsolíu þar sem í ljós kom að eldri geymir var smíðaður úr þunnu efni sem stenst ekki kröfur reglugerðar nr. 35/1994 um efnisþykkt olíugeyma.

Skoðuð var rekstrarhandbók og farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Ábending var gerð um að aðskilja skráningu á úrgangsolíu úr olíuskilju og úrgangsolíu vegna undantöppunar úr lögnum og geymum stöðvarinnar.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Verklagsreglur um móttöku og afgreiðslu eldsneytis voru skoðaðar.

Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar voru skoðaðar. Rekstraraðila var bent á að bæta frágangi (tæmingu og hreinsun) á olíuskilju við í áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar.

Áfram verður unnið við gerð umhverfisstjórnunarkerfis stöðvarinnar.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (pró), olíuskilja og fráveitumál. Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd 1: Skráningar á úrgangsolíu sbr. grein 3.1 í starfsleyfi

Fram kom í eftirliti að skráningar á úrgangi úr olíuskilju og skráningar á úrgangsolíu eru allar færðar í sömu töflu í rekstrarhandbók. Rekstraraðila var bent á að breyta skráningum á úrgangsolíu og geyma nótur frá kaupanda olíunnar fyrir móttöku hennar.

Athugasemd 2: Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar sbr. grein 1.5 í starfsleyfi.

Við skoðun á áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar kom fram að ekki er gerð grein fyrir því hvernig rekstraraðili hyggst afleggja olíuskilju í frárennsli stöðvarinnar. Farið var fram á að bætt væri við áætlunina hreinsun á olíuskilju stöðvarinnar.

Reykjavík, 27.04.2012

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.